

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 267/2022 um hrognkelsaveiðar árið 2022.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. er bátum sem hófu veiðar 20. maí 2022 heimilt að stunda veiðar á grásleppu til og með 14. júní 2022.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. og 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 8. og 9. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2. og 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 9. júní 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.